

REGLUGERÐ

um

hvíldartíma bifreiðarstjóra.**1. gr.**

Bifreiðarstjórar fólksflutningsbifreiða skulu að jafnaði hafa 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum auk nauðsynlegs matartíma. Þó skal leyfð 4 klukkustunda eftirvinna þegar nauðsyn krefur, enda komi þá að minnsta kosti 10 klukkustunda hvíld á eftir.

2. gr.

Bifreiðarstjóra, sem hefir farþega í bifreið sinni, er eigi heimilt að slita ferð sinni eða hætta vinnu þó að vinnudagur sé úti, samkvæmt ákvæðum 1. gr., fyrr en hann hefir lokið ferðinni eða náð á hæfilegan áfangastað og gengið vel frá bifreiðinni.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 500 krónum. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hérmeð sett, samkvæmt 13. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.